



Viðstaddir: Margrét M. Norðdahl
Nils Schwarzkopp
Grétar Þór Ævarsson

Efni: Álit vegna ljósastýrðrar gönguþverunar yfir Lönguhlíð við Blönduhlíð

Reykjavíkurborg áætlar að ráðast í endurnýjun á umferðarljósabúnaði hjá gönguþverun yfir Lönguhlíð við Blönduhlíð. Ástæða endurnýjunar er vegna umferðaröryggis og aldurs búnaðar. Núverandi staðsetning umferðarljósanna er nálægt hringtorgi (Eskitorg) og því tækifæri til að endurskoða staðsetningu gönguþverunarinnar.

Reykjavíkurborg leitar álots Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða á eftirfarandi valkostum:

- Valkostur 1** Óbreytt staðsetning
- Valkostur 2** Fjarlægja gönguljósinn
- Valkostur 3** Færa gönguljósinn til norðurs

Nánari lýsing valkosta:

- Valkostur 1**
 - a) Gönguljós staðsett á sama stað og í dag og umferðarljósabúnaður endurnýjaður.
 - b) Einföld framkvæmd, líklega þarf ekki að koma fyrir nýjum rafmagnslögnum.
 - c) Gönguljós tiltölulega nálægt Hlíðarskóla og líklegra að þau verði meira notuð af börnum á leið til/frá skóla.
 - d) Stutt vegalengd frá hringtorgi. Ef bílaumferð nær frá ljósum að hringtorgi, getur hún stöðvað aðra bílaumferð þar.
 - e) Líklega umfangslítil framkvæmd en þó þarf mögulega að endurnýja lagnaleiðir..
- Valkostur 2**
 - f) Hægt væri að nýta áætlað fjármagn í nýjan umferðarljósabúnað í aðrar hraðatakmarkandi aðgerðir. Lagt er til að gera upphækkun á núverandi gangbraut næst hringtorgi.
 - g) Nýrri gangbraut yfir Lönguhlíð bætt við hjá Blönduhlíð (sbr. Drápuhlíð, Mávahlíð og Barmahlíð).
 - h) Framkvæmdir nauðsynlegar með tilheyrandi raski á framkvæmdatíma.
- Valkostur 3**
 - i) Færsla gönguljósanna til norðurs, norðan Blönduhlíðar. Ökutæki sem stöðva við ljósin safnast ekki upp inn í hringtorgið.
 - j) Framkvæmdir nauðsynlegar með tilheyrandi raski á framkvæmdatíma.